

**Sp.**

**178. Fyrirspurn**

[169. mál]

til iðnaðarráðherra um yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Er fyrirhugað að Landsvirkjun taki við rekstri Kröfluvirkjunar, og þá hvenær?
2. Hvaða verð hyggst iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs setja upp fyrir virkjunina?
3. Telur ráðherra að enn séu í fullu gildi þær niðurstöður í skýrslu verkfræðistofunnar Strengs, sem skilað var í maí 1983, að ef afl virkjunarinnar yrði aukið í 60 MW gæti virkjunin sjálf lokið við að greiða niður skuldir sínar skömmu eftir aldamót?
4. Hverjar eru áhvílandi skuldir Kröfluvirkjunar, til hve langs tíma eru þær og með hvaða kjörum eru þau lán sem virkjunin hefur tekið?
5. Hverjar eru áætlaðar hreinar tekjur Kröfluvirkjunar, fyrir afskriftir, árin 1984 og 1985 miðað við núgildandi orkusölusamning við Landsvirkjun og miðað við framlengingu á honum út árið 1985?
6. Hve langan tíma tæki það Kröfluvirkjun að greiða niður fjárfestingu fyrirtækisins ef virkjunin yrði áfram rekin sem sjálfstætt fyrirtæki og miðað við núverandi söluverð á raforku:
  - a. miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 30 MW framleiðslu;
  - b. miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 30 MW framleiðslu?
7. Hve langan tíma tæki það Kröfluvirkjun að greiða niður fjárfestingu þá, sem á fyrirtækinu hvílir nú, til viðbótar þeirri fjárfestingu sem talið er að þurfi til að virkjunin nái fullum afköstum:
  - a. miðað við 5700 nýtingarstundir á ári og 60 MW framleiðslu;
  - b. miðað við 8000 nýtingarstundir á ári og 60 MW framleiðslu;
  - c. miðað við 8250 nýtingarstundir á ári og 65 MW framleiðslu?
8. Hver er áætlaður framleiðslukostnaður á þeirri raforku, sem fengist við stækkun Kröfluvirkjunar, samanborið við áætlaðan kostnað frá öðrum rannsókuðum virkjunarkostum?
9. Hvert er gildi Kröfluvirkjunar fyrir rekstur byggðalínukerfisins:
  - a. með tilliti til rekstraröryggis;
  - b. með tilliti til minna orkutaps?
10. Hyggst ráðherra, ef af afhendingu Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar verður, setja einhver skilyrði um áframhaldandi rekstur og uppbyggingu virkjunarinnar?
11. Þarf yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun, með þeim kjörum sem ríkið hyggst bjóða, að leiða til breytinga á raforkuverði til almennra notenda í landinu?